

## Svar

**forsætisráðherra við fyrirspurn frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur  
og Birni Leví Gunnarssyni um skrifleg svör ráðherra  
við fyrirspurnum frá alþingismönnum.**

1. *Hvert er ferlið í ráðuneytinu þegar fyrirspurn skv. 57. gr. laga um þingsköp Alþingis berst frá alþingismanni sem óskar skriflegs svars? Hvernig er það skráð í skjálavistunarkerfi ráðuneytisins?*

Skrifstofa Alþingis sendir fyrirspurnir frá alþingismönnum á aðalnetfang forsætisráðuneytisins og eru þær í kjölfarið vistaðar í málaskrá ráðuneytisins. Tilkynning um fyrirspurn er svo send á þann starfsmann í ráðuneytinu sem heldur utan um vinnslu svara við fyrirspurnum og samskipti við Alþingi. Sá starfsmaður skráir fyrirspurn á skrifstofustjóra hlutaðeigandi fagskrifstofu sem sér um að vinna drög að svari fyrir ráðherra.

2. *Hversu langur tími leið að jafnaði undanfarin þrjú ár frá því að fyrirspurn var útbýtt þar til ráðuneytið sendi forseta Alþingis skriflegt svar? Svar óskast sundurliðað eftir löggjafarþingum og fyrirspyrjendum.*

Eftirfarandi tafla sýnir yfirlit yfir fjölda skriflegra fyrirspurna á síðastliðnum þremur löggjafarþingum og meðalsvartíma. Miðað er við fjölda virkra daga frá því að ráðuneytinu barst fyrirspurn og þar til svar er sent til Alþingis.

Löggjafarþing nr.	Fjöldi fyrirspurna	Meðal svartími (dagar)
153	26	21
152	19	22
151	16	20

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda fyrirspurna og meðalsvartíma á síðastliðnum þremur löggjafarþingum, sundurliðað eftir fyrirspyrjendum. Miðað er við fjölda virkra daga frá því að ráðuneytinu barst fyrirspurn og þar til svar er sent til Alþingis. Frekari sundurliðun á svörum við einstaka fyrirspurnum er að finna í fylgiskjali.

Fyrirspyrjandi	Fjöldi fyrirspurna	Meðalsvartími (dagar)
Albertína Friðbjörg Elíasdóttir	1	14
Andrés Ingi Jónsson	10	14
Anna Kolbrún Árnadóttir	1	13
Arndís Anna Kristínar Gunnarsdóttir	1	14
Ásmundur Friðriksson	1	24
Ásthildur Lóa Þórsdóttir	6	23
Bergþór Ólason	3	32
Björn Leví Gunnarsson	6	27
Bryndís Haraldsdóttir	2	17

Fyrirspyrjandi	Fjöldi fyrirspurna	Meðalsvartími (dagar)
Diljá Mist Einarsdóttir	2	19
Eyjólfur Ármannsson	1	8
Gísli Rafn Ólafsson	1	15
Gunnar Bragi Sveinsson	1	35
Halldór Auðar Svansson	1	10
Helga Vala Helgadóttir	3	26
Hilda Jana Gísladóttir	2	15
Hildur Sverrisdóttir	1	13
Högni Elfar Gylfason	1	12
Indriði Ingi Stefánsson	1	15
Jóhann Friðrik Friðriksson	1	16
Jóhann Páll Pálsson	2	13
Jón Þór Ólafsson	1	19
Lilja Rafney Magnúsdóttir	1	22
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson	5	34
Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir	3	19
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir	1	30
Þorsteinn Sæmundsson	2	23

3. *Hvaða aðilar í ráðuneytinu sjá um vinnslu skriflegra svara, frágang þeirra, yfirlestur og sendingu til forseta Alþingis? Hversu langan tíma tók hvert þessara skrefa að jafnaði undanfarin þrjú ár? Svar óskast sundurliðað eftir löggjafarþingum og fyrirspyrjendum.*

Eins og fram kemur í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar heldur tiltekinn starfsmaður í ráðuneytinu utan um vinnslu skriflegra svara. Nú er það upplýsingafulltrúi ráðuneytisins en áður var þetta utanumhald, sem felur m.a. í sér frágang, yfirlestur og sendingu til forseta Alþingis, í höndum lögfræðings á skrifstofu stjórnskipunar og stjórnsýslu. Það fer eftir efni fyrirspurnar hverju sinni hvaða sérfræðingar innan ráðuneytisins koma að vinnslu svara. Þá þarf oft að leita upplýsinga frá stofnunum ráðuneytisins varðandi tiltekna þætti fyrirspurna. Ráðuneytisstjóri og skrifstofustjóri á hlutaðeigandi skrifstofu lesa yfir lokadrög að svari áður en þau eru lögð fyrir ráðherra til samþykktar.

Ekki er haldið sérstaklega utan um þann tíma sem fer í vinnslu svara við fyrirspurnum en sá tími getur verið afar misjafn, allt eftir umfangi fyrirspurnar. Þá er í sumum tilfellum spurt um upplýsingar frá stofnunum ráðuneytisins og er hluti svara í þeim tilfellum unninn hjá viðkomandi stofnun.

**Fylgiskjal.***Yfirlit yfir skriflegar fyrirspurnir til forsætisráðherra á síðastliðnum þremur löggjafarþingum.***153. löggjafarþing 2022–2023.**

Fyrirsprjandi	Efni fyrirspurnar	Dags. til ráðuneytis	Dags. svars	Fjöldi daga	Meðaltal
Andrés Ingi Jónsson	Uppbygging stórskipahafnar í Finnafirði	8. júní 2023	3. júlí 2023	17	
Anna Kolbrún Árnadóttir	Kínversk rannsóknamiðstöð	11. apríl 2023	28. apríl 2023	12	15
Ásmundur Friðriksson	Jólagjafir opinberra starfsmanna	14. mars 2023	31. mars 2023	13	13
Ásthildur Lóa Þórsdóttir	Ráðning starfsfólks með skerta starfsorku*	22. feb. 2023	28. mars 2023	24	24
Bergþór Ólason	Viðskiptareikningar við Seðlabanka Íslands	24. maí 2023	12. júní 2023	12	
	Verðbólga og peningamagn í umferð	18. nóv. 2022	16. des. 2022	20	16
	Fjöldi pólitískt ráðinna aðstoðarmanna innan Stjórnarráðsins	9. júní 2023	27. júlí 2023	34	
	Styrkir og samstarfssamningar	9. júní 2023	12. ágúst 2023	45	40
Björn Leví Gunnarsson	Áskrift að dagblöðum, tímaritum og öðrum miðlum	22. nóv. 2022	27. jan. 2023	47	
Bryndís Haraldsdóttir	Ferðakostnaður og dagpeningar ráðherra*	30. sept. 2022	10. nóv. 2022	29	38
	Endurmat útgjalda	16. maí 2023	8. júní 2023	15	
	Rád, nefndir, stjórnir, starfshópar og stýrihópar	26. apríl 2023	24. maí 2023	18	17
Diljá Mist Einarsdóttir	Kynbundinn launamunur og jafnlaunavottun	18. apríl 2023	8. maí 2023	12	
Eyjólfur Ármannsson	Skipulag og stofnanir ráðuneytisins	12. des. 2022	18. jan. 2023	26	19
Gísli Rafn Ólafsson	Hatursorðræða	31. mars 2023	17. apríl 2023	8	8
	Gagnanotkun Seðlabanka Íslands	21. mars 2023	14. apríl 2023	15	15
Halldór Auðar Svansson	Breyting á reglum um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna	27. jan. 2023	10. feb. 2023	10	10
Helga Vala Helgadóttir	Fjölgun starfsfólks og embættismanna	1. des. 2022	10. feb. 2023	50	
	Viðbrögð við vanvirðandi framkomu af hálfu ráðherra eða ráðuneytisstjóra	9. nóv. 2022	29. nóv. 2022	14	32
Hildur Sverrisdóttir	Sjóðir á vegum ráðuneytisins og stofnana þess	30. mars 2023	24. apríl 2023	13	13
Högni Elfar Gylfason	Úrskurðarvald stofnana ríkisins	18. nóv. 2022	6. des. 2022	12	12
Indriði Ingi Stefánsson	Netöryggi	16. maí 2023	8. júní 2023	15	15
Jóhann Friðrik Friðriksson	Skekkja í mannfjölda samkvæmt þjóðskrá	24. nóv. 2022	16. des. 2022	16	16
Jóhann Páll Jóhannsson	Samskipti við Björk Guðmundsdóttur og Gretu Thunberg	27. okt. 2022	14. nóv. 2022	12	
	Skipanir án auglýsingar	23. sept. 2022	12. okt. 2022	13	13
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir	Aðgreining þjóðarinnar og jöfn tækifæri*	1. mars 2023	17. apríl 2023	30	30

\*Alþingi tilkynnt um að tafir yrðu á svari við fyrirspurn.

**152. löggjafarþing 2021–2022.**

Fyrirsprjandi	Efni fyrirspurnar	Dags. til ráðuneytis	Dags. svars	Fjöldi daga	Meðaltal
Andrés Ingi Jónsson	Hlutlaus skráning kyns í vegabréfum	9. maí 2022	20. maí 2022	9	
	Starfshópar samkvæmt lögum um kynrænt sjálfræði	3. feb. 2022	23. feb. 2022	14	
	Búningsaðstaða og salerni	3. des. 2021	22. des. 2021	13	12
Arndís Anna Kristínar Gunnarsdóttir	Framkvæmd laga um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna	19. maí 2022	10. júní 2022	14	14
Ásthildur Lóa Þórsdóttir	Samskipti við hagsmunaverði og skráning þeirra	11. feb. 2022	10. mars 2022	19	
	Valfrjáls bókun við alþjóðasamninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi*	13. des. 2021	20. jan. 2022	27	
	Laun starfsmanna Seðlabanka Íslands	13. des. 2021	23. des. 2021	8	
	Endurskipulagning fjármálakerfisins	15. júní 2022	31. ág. 2022	53	27
Björn Leví Gunnarsson	Brot á lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna	13. apríl 2022	16. maí 2022	19	
	Upplýsingastefna	11. feb. 2022	4. mars 2022	15	17
Hilda Jana Gísladóttir	Samtvinnun jafnréttis- og byggðamála	7. apríl 2022	2. maí 2022	13	
	Skipan í stjórnir, starfshópa, nefndir, ráð o.þ.h.	4. apríl 2022	2. maí 2022	16	15
Lilja Rafney Magnúsdóttir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson	Samþætting og aðkoma stjórnvalda að endurgerð Maríu Júlíu BA 36	19. maí 2022	23. júní 2022	22	22
	Skilgreining	16. júní 2022	27. júní 2022	6	
Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir	Starfsmannafjöldi	16. júní 2022	8. sept. 2022	58	
	Ráðningar án auglýsingar	16. júní 2022	8. sept. 2022	58	41
	Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að leggja Bankasýslu ríkisins niður	9. maí 2022	30. maí 2022	14	
	Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands	27. apríl 2022	30. maí 2022	22	
Sala á eignarhlutum ríkisins í Íslandsbanka 22. mars 2022		27. apríl 2022	30. maí 2022	22	19

\*Alþingi tilkynnt um að tafir yrðu á svári við fyrirspurn.

**151. löggjafarþing 2020–2021.**

Fyrirsprjandi	Efni fyrirspurnar	Dags. til ráðuneytis	Dags. svars	Fjöldi daga	Meðaltal
Albertína Friðbjörg Elíasdóttir	Hlutfall starfa utan ráðuneytis vegna COVID-19 faraldursins	21. des. 2020	12. jan. 2021	14	14
Andrés Ingi Jónsson	Niðurstöður barnþings	4. júní 2021	21. júní 2021	10	
	Fulltrúar Hæstaréttar í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum stjórnvalda	20. maí 2021	2. júní 2021	8	
	Ályktun þingfundar ungmenna	5. feb. 2021	4. mars 2021	19	
	Netnjósnir bandarísku þjóðaröryggisstofnunarinnar	19. nóv. 2020	15. des. 2020	18	
	Breytingar á lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna	14. okt. 2020	11. nóv. 2020	20	15

Fyrirspyrjandi	Efni fyrirspurnar	Dags. til ráðuneytis	Dags. svars	Fjöldi daga	Meðaltal
Bergþór Ólason	Upplýsingar Hagstofu Íslands um utanríkisverslun Íslands	15. júní 2021	8. júlí 2021	16	16
Björn Leví Gunnarsson	Lagaleg ráðgjöf*	29. mars 2021	25. maí 2021	35	
	Skráning samskipta í ráðuneytinu	12. mars 2021	8. apríl 2021	18	27
Gunnar Bragi Sveinsson	Ráðgjafþjónusta, verktaka og tímabundin verkefni*	29. mars 2021	25. maí 2021	35	35
Helga Vala Helgadóttir	Kostnaður við blaðamannafundi ríkisstjórnarinnar	20. maí 2021	9. júní 2021	13	13
Jón Þór Ólafsson	Skráning hagsmunavarða	28. jan. 2021	24. feb. 2021	19	19
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson	Kyn	7. júlí 2021	16. júlí 2021	7	
	Endurbygging á Seyðisfirði	7. júlí 2021	1. sept. 2021	39	23
Þorsteinn Sæmundsson	Kostnaður við ferðir ráðherra innan lands	4. júní 2021	6. júlí 2021	21	
	Upplýsingafulltrúar og samskiptastjórar*	16. nóv. 2020	20. des. 2020	24	23

\*Alþingi var tilkynnt um að tafir yrðu á svari við fyrirspurn.